

gjaldið við mesta leyfðan flugtaksþunga flugvélanna og er kr. 366.00 fyrir hvert tonn.

Minnsta gjald er kr. 366.00.

7. gr.

Gjald af flugvélabenzíni í innanlandsflugi.

Af öllu flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvelliðnum eða frá honum til notkunar í innanlandsflugi, skal greiða flugvelliðnum gjald sem hér segir:

Á hvern benzínlítra	kr. 0.324
Á hvert U.S. Gallon	— 1.224

8. gr.

Gjöld af sjóflugvélum.

Sjóflugvélar er lenda á Skerjafirði skulu greiða sambærileg gjöld og landflugvélar á flugvelliðnum.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Reykjavíkurflygvöll, nr. 105 16. júní 1971.

Samgönguráðuneytið, 15. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga í Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélags Vestur-Húnavatnssýslu, en það nær yfir Vestur-Húnavatnssýslu, að undanskildum Staðarhreppi.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 10, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélags Vestur-Húnavatnssýslu, sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu og samtaka vinnuveitenda á svæðinu.

3. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélag Vestur-Húnavatnssýslu viðtöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, ef fjöldi leigubifreiða innan félagsins er kominn niður fyrir töluna 10, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, unz framangeindu marki er náð.

4. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 frá 9. maí 1970 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 18. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 79 frá 27. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. með áorðnum breytingum.

1. gr.

5. grein orðist svo: Hver sá, sem fær gjaldeyris og/eða innflutningsleyfi greiði viðskiptabönkum 0,5% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 25 kr. fyrir hvert einstakt leyfi. Af gjaldeyrisleyfum fyrir ferðakostnaði skal leyfisgjaldið þó vera 1%. Af leyfum fyrir benzíni og olíum tollskrárnúmer 27.09.00, 27.10.10, 27.10.29, 27.10.40 og 27.10.50 skal leyfisgjaldið þó aðeins vera 0,1% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Leyfisgjaldið greiðist við afhendingu leyfanna.

Framsál gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfa er háð samþykki viðskiptabankanna. Óheimilt er að bjóða til sölu eða selja gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyris mála o. fl. sbr. 6. gr. laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967 og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 18. júní 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu og skil á meðlögum o. fl. á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga alla meðlagsúrskurði, skilnaðarleyfisbréf og skilnaðarsamninga, sem skylda barnsfeðra um meðlagsgreiðslur er byggð á.